



ÁRSSKÝRSLA
2018

fjs



ÁRSSKÝRSLA
2018

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Júlí 2019

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, júlí 2019.
Letur er Nunito Sans.

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni þema myndanna eru íslensk náttúra
Forsíðumynd er af heiðlóu.
©Gyða Henningsdóttir <http://photos.gyda.is>
©JayMantri <https://pixabay.com/photos/iceland-tectonic-plates-nature-498295/>

EFNISYFIRLIT

Bls.

Formáli fjársýslustjóra	6
Um Fjársýslu ríkisins	8
Hlutverk, gildi og fleira	8
Starfsemin á árinu	10
Ársreikningur 2018	17
Yfirlit um afkomu	19
Efnahagsreikningur	20
Sjóðstreymi	21
Skýringar	22
Stafsmenn í árslok	31

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2018 var krefjandi ár fyrir starfsfólk Fjársýslunnar og var unnið að fjölmörgum umfangsmiklum verkefnum til viðbótar við hefðbundna starfsemi og þá þjónustu sem stofnunin veitir. Áframhaldandi innleiðing laga um opinber fjármál (LOF), þróun kerfa, breytingar á verklagi, ný kerfi í þjónustu og önnur eðlileg þróun til að takast á við auknar kröfur. Allt miðar þetta að bættri umsýslu opinberra fjármuna og ákvarðanatöku hvort sem litið er til einföldunar verklags, úrvinnslu gagna, eignaumsýslu og sjóðsstýringu.

Stór hluti af starfsemi stofnunarinnar felst í því að reka fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins og önnur kerfi sem þeim tengjast. Undir þetta fellur bæði Orri, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, TBR, tekjubókhaldskerfið, LIBRA kerfið sem heldur utan um lán og kröfur, Akra sem er áætlanakerfi ríkisins sem innleitt var á síðasta ári og önnur tengd verkefni. Stöðugt þarf að þróa kerfin til að uppfylla þær kröfur og væntingar sem til þeirra eru gerðar. Tæknin hefur þróast með þeim hætti að ný tækifæri eru nú til staðar um sjálfvirknivæðingu ferla, nýtingu gervigreindar og tengda þætti og voru mikilvæg skref tekin í þá átt á árinu og ljóst að áframhaldandi þróun verður á því sviði á næstu árum.

Eins og áður var lögð rík áhersla á hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar á árinu 2018 og var gætt aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Mikilvægt er að nýta fjármuni sem best og að fjárveitingar séu nýttar til þess að skila sem bestum ábata fyrir stofnanir, ráðuneyti og ríkissjóð í heild. Afkoman var jákvæð um 34 millj.kr. á árinu 2019 og höfuðstóll jákvæður um 136 millj.kr. í árslok. Í ljósi þess að verkefnum fjölgar og kröfur aukast er ljóst að svigrúm næstu ára verður ekki mikið og nauðsynlegt að tryggja hagkvæman og skilvirkan rekstur til framtíðar.

Gildi Fjársýslunnar eru þekking, áreiðanleiki og þjónusta og skilgreinum við okkur sem þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála og viljum við vera þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu. Til að geta uppfyllt þetta er öflugur hópur starfsfólks lykilatriði og ljóst að sú þekking og reynsla sem það býr yfir, er mesta auðlind stofnunarinnar. Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í starfsmannahópnum en stofnunin hefur í stað þeirra reynslumiklu starfsmanna sem hætt hafa störfum vegna aldurs, náð að ráða inn öflugt fólk með reynslu og viðbótarþekkingu sem meðal annars nýtist við að takast á við nýjar kröfur. Við leggjum áherslu á að Fjársýslan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk þar sem starfsfólk hafi tækifæri til að þróa sig áfram og hafa jákvæð áhrif á þá ferla sem unnið er eftir.

Eins og áður segir var árið krefjandi en sömuleiðis gefandi og skemmtilegt enda verkefni fjölbreytt. Það er ljóst að næstu ár munu sömuleiðis krefjast mikils af stofnuninni sem er eins og það á að vera. Stofnunin ætlar að vera í fararbroddi varðandi þróun á verklagi og tækni og styðja þannig vel við okkar viðskiptavini í þeirra vegferð. Við munum áfram sinna okkar verkefnum af kostgæfni og við hlökkum til að takast á við áskoranir komandi ára.

Ingbór Karl Eiríksson
fjársýslustjóri



UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Fjársýsla ríkisins (FJS) er ríkisaðili sem starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Gildi

Starfsemi okkar, menning og vinnubrögð markast af þremur gildum:

- **Þekking**
Við erum framsækin og fylgjumst með straumum og stefnum í opinberum fjármálum. Við hikum ekki við að deila þekkingu með öðrum og innleiða nýjungar inn í okkar verklag.
- **Áreiðanleiki**
Við ávinnum okkur traust með því að viðhalda áreiðanlegum vinnubrögðum. Þá viljum við vera góð fyrirmynd annarra stofnana þegar kemur að opinberri fjársýslu.
- **Þjónusta**
Við leitum stöðugt leiða til að veita skilvirka, hraða og örugga þjónustu. Þannig byggjum við upp þjónustumenningu sem uppfyllir þarfir viðskiptavina okkar.

Framtíðarsýn

Fjársýslan er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála.

Áherslur

Fjársýslan hefur skilgreint fjórar áherslur til ársins 2020 og undir hverri eru þrjár áherslupættir:

- **Verklagið**
Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur. Helstu ferlar í daglegri starfsemi eru kortlagðir og skráðir og umbætur eru gerðar á starfseminni þegar tilefni er til og byggja á reglulegri yfirferð verkferla.
 - *Ferlar*
Verkferlar eru skjalfestir og í stöðugri þróun til að mæta þörfum viðskiptavina og hagsmunaaðila. Þannig tryggir stofnunin einnig að þekking sé skráð og varðveitt.
 - *Eftirlit*
Tryggt er að verkferlum sé fylgt með því að fylgjast með helstu áhættuþáttum, beita markvissum eftirlitsaðgerðum og takast á við frávík.
 - *Umbætur*
Umbótahugsun er virk í menningu starfsmanna og áhersla á að hugmyndum sem fjalla um tækifæri til breytinga eða umbóta sé veitt brautargengi. Vægi faglegrar verkefnisstjórnunar verður aukið.

- **Verkfærin**

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takti við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa. Þá eru uppi auknar kröfur um sjálfvirkni í ferlum og í þjónustu almennt.

- *Þróun*

Upplýsingakerfi eru þróuð í takti við þarfir notenda. Framtíðarsýn okkar á þróun kerfa er mótuð út frá heildarhagsmunum notenda og horft til einföldunar og hagræðingar í rekstri.

- *Skilvirkni*

Upplýsingakerfi eru eftir atvikum öllum aðgengileg og viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir þar sem því verður komið við.

- *Fræðsla*

Nýting upplýsingakerfa er aukin með fræðslu og þjálfun þar sem þörf krefur og horft til þess að nýta fjölbreyttar leiðir til að miðla fræðsluefni til notenda.

- **Viðskiptavinir**

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost. Auknar kröfur eru gerðar um aðgengi að upplýsingum um ríkisreksturinn og við munum leggja okkar af mörkum til að mæta þeim.

- *Samræmi*

Fjársýslan veitir þjónustu þar sem haldið er utan um fyrirspurnir og þjónustubeiðnir á einum stað. Verkaskipting á milli Fjársýslunnar og viðskiptavina er skýr og vel þekkt.

- *Sjálfvirkni*

Sjálfsafgreiðsla er skýr fyrsti valkostur í þjónustu og viðskiptavinir geta lokið sínum málum með rafrænum hætti þar sem því verður komið við.

- *Upplýsingagjöf*

Fjárhagsupplýsingar hins opinbera eru greinargóðar, áreiðanlegar og birtar tímanlega. Unnið verður að auknu aðgengi, sýnileika og gegnsæi á fjárhagsupplýsingum.

- **Við**

Við leggjum áherslu á að Fjársýslan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk. Lögð er áhersla á jafnrétti, liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi.

- *Jafnrétti*

Starfsfólk nýtur jafnra tækifæra til starfsþróunar og frammistaða getur haft áhrif á framgang og umbun í starfi. Sömu kjör eru í boði fyrir sambærileg störf og laun eru metin reglubundið út frá ábyrgð og verkefnum.

- *Starfsánægja*

Áhersla er á að stjórnun, starfsumhverfi og búnaður sé til fyrirmyndar. Starfsþróunar-möguleikar eru fyrir hendi og ákvarðanir sem varða starfsmenn eru byggðar á faglegum forsendum.


- *Þekkingaröflun*

Starfsfólk fær tækifæri til að þroskast í starfi. Það er hvatt til að sýna frumkvæði, afla sér þekkingar og beita henni í starfi sínu.

STARFSEMIN Á ÁRINU


Starfsemi Fjársýslu ríkisins (FJS) var mjög fjölbreytt á árinu 2018 og mörg stór verkefni í gangi til viðbótar við hefðbundna þjónustu stofnunarinnar. Áframhaldandi vinna við innleiðingu á lögum um opinber fjármál (LOF) og breyttum reikningsskilaaðferðum sem því fylgir var fyrirferðarmikil, sem og vinna við nýja útgáfu af Orra. Ríkisreikningur fyrir árið 2017 var gefinn út í október með töluvert breyttri framsetningu. Útgáfa reikningsins tafðist nokkuð sem skýrðist af tímafrekum og umfangsmiklum breytingum á reikningsskilaaðferðum en uppgjörið var unnið í samræmi við ákvæði LOF sem tóku gildi í byrjun árs 2016. Þá átti sér stað töluverð þróun á rafrænni þjónustu og þróun á kerfum og verkferlum sem unnið er eftir.

Afkoma FJS á árinu 2018 var í heild jákvæð um 34 millj. kr. Rekstrargjöld ársins námu 2.103,2 millj. kr. og þar af voru útgjöld vegna upplýsingakerfa 894,6 millj. kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 245,3 millj. kr. og tekjufært framlag úr ríkissjóði 1.891,7 millj. kr. Þá voru gjaldfærðar afskriftir 23,0 millj. kr. sem voru fjármagnaðar með tekjufærslu frestaðra tekna. Í árslok var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 135,7 millj. kr. Varðandi aðrar upplýsingar um fjárhag stofnunarinnar vísast til



ársreiknings FJS sem fylgir hér á eftir.

Í árslok 2018 voru starfsmenn 82 og stöðugildi 80,16 en voru árið áður 78,66. Fjöldi karla var 27 og konur 55. Á meðal stjórnenda eru fimm karlar og tvær konur. Á árinu hættu sjö starfsmenn, þar af þrír vegna aldurs. Níu starfsmenn voru ráðnir á árinu, sex konur og þrír karlar. Starfsmannavelta var 8,5% og meðalaldur starfsmanna í lok árs 2018 var 51 ár. Töluverð



endurnýjun hefur átt sér stað hjá stofnuninni þar sem margir starfsmenn hafa hætt störfum vegna aldurs og hefur meðalaldurinn verið að lækka af þessum sökum. Stofnunin hefur búið að því að haldast vel á fólki og starfsaldur almennt hár. Við þá endurnýjun sem á sér stað núna er krefjandi að tryggja viðhald þekkingar sem liggur hjá einstökum starfsmönnum, en líka tækifæri í því að fá inn fólk með reynslu og menntun sem

nýttist stofnuninni til áframhaldandi þróunar. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 55% og af þeim eru viðskiptafræðingar í meirihluta. Skammtímaveikindi voru hjá 33 starfsmönnum, miðlungsveikindi hjá 33 starfsmönnum og langvarandi veikindi hjá sjö starfsmönnum. Veikindadagar sem flokkast undir skammtíma- og miðlungsveikindi voru 6,9 dagar að meðaltali samanborið við 6,8 daga árið 2017. Við mat á veikindum er stuðst við skilgreiningu frá Virk starfsendurhæfingu um veikindadaga.

Eins og fyrri ár tók FJS þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ og lenti í 15. sæti af 82 í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Meðaleinkunnin var 4,17 sem er hækkun úr 4,11 frá fyrra ári og hefur einkunn FJS hækkað síðustu fimm ár. Upplýsingar úr þessari könnun gefa afar mikilvægar vísbendingar um ánægju starfsmanna og leiðbeiningar fyrir stjórnendum um hvar má gera betur.

FJS tók eins og áður þátt í Framadögum sem haldnir voru í Háskólanum í Reykjavík. Þar gafst tækifæri til að ræða við ungt og áhugasamt fólk um kosti þess að vinna hjá opinberum stofnunum. Áberandi var áhugi nema í viðskiptafræði sem höfðu fengið kynningu á LOF.


Auk fjölda námskeiða sem FJS stóð fyrir á árinu fyrir notendur kerfa ríkisins var einnig haldin fjölmenn ráðstefna á hóteli Nordica þann 16. maí þar sem lögð var áhersla á þjónustu FJS til stofnana og breytt reikningsskil. Stofnunin leggur mikla áherslu á gott samtal við viðskiptavini og að fá frá þeim ábendingar um hvað má gera betur og hvernig rétt sé að þróa þjónustubætti til að uppfylla sem best þarfir viðskiptavina og var þessi ráðstefna liður í slíku samtali.

Fjársýslan tekur þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi, bæði með sambærilegum einingum á norðurlöndunum en einnig á vettvangi OECD. Fundur með systurstofnunum frá Norðurlöndunum á sviði miðlægrar þjónustu var haldinn á Íslandi í október. Þar var meðal annars rætt um notkun á vöruhúsi gagna, gervigreind og sjálfvirknivæðingu ferla, sem og gerð þjónustusamninga við viðskiptavini og þjónustuborð (CRM).

Stefnumótunarfundur stjórnenda var haldinn í nóvember en meginmarkmið fundarins var að skilgreina og forgangsráða verkefnum. Einnig var farið yfir núverandi stefnu og markmið. Fundurinn var málefnalegur og uppbyggilegur og margt sem þar kom fram mun nýtast í starfsemi á næstu misserum.


Starfsmannafélag FJS var mjög virkt á árinu og stóð fyrir mörgum viðburðum. Á stjórn félagsins og aðrir sem lögðu því lið miklar þakkar skyldar fyrir sitt óeigingjarna og góða starf.

Á árinu 2018 voru 278 fjárlagaliðir í þjónustu FJS, þar af 103 ráðuneyti og stofnanir. Töluverð vinna hefur farið í breytingar og aðlaganir á bókunum og ferlum vegna LOF. Má þar helst nefna meðferð á eignakaupum ríkisaðila í bókhaldi. Mikill




tími hefur farið í að fá stofnanir til að uppreikna og/eða skila upplýsingum mánaðarlega um orlofsskuldbindingu starfsmanna. Á vef FJS má finna greinagóðar leiðbeiningar og kennslumyndbönd um hvernig staðið er að útreikningi orlofsskuldbindingar. Sömuleiðis

Fjárlagaliðir í A-, B- og C-hluta



Ráðuneyti og stofnanir í A-hluta



er þar að finna mikið magn af leiðbeiningum sem varða aðra þætti í starfsemi FJS.

Síðastliðið ár var lögð áhersla á að yfirfara, endurskoða og skrá alla mikilvægustu verkferlana í starfseminni. Markmið skráningarinnar er að koma auga á það sem gera mætti betur


og um leið straumlínulaga ferlana. Með þessari skráningu hefur verið lagður grunnur að gæðakerfi FJS. Mikilvægt er að geta lagt með skýrari hætti fram mælanleg markmið til að tryggja skilvirkan rekstur og eru skráðir verkferlar nauðsynlegur grunnur að frekari þróun á því sviði. Ný lög um persónuvernd tóku gildi hér á landi 15. júlí 2018, í samræmi við nýja reglugerð Evrópusambandsins. Skipaður var hópur innan FJS til að útbúa vinnsluskrá, greina þörf á úrbótum og setja fram innleiðingarátætlun í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

Umhverfisstefna er hluti stefnumörkunar FJS um samfélagslega ábyrgð. FJS færir grænt bókhald og hefur það verið gert frá árinu 2011. Áætlað er að fylgja því eftir með upptöku grænna skrefa í ríkisrekstri á árinu 2019. Á árinu nýttu 15% starfsmanna sér samgöngustyrk en aðeins 6% árið áður.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið undirritaði samning við Microsoft um kaup á Office 365 fyrir stofnanir ríkisins.


Rafmagnsnotkun kWst á stöðugildi

Flokkaður úrgangur kg á stöðugildi



Meginmarkmiðið var að ná fram hagstæðari heildarsamningi og lækka þar með heildarkostnað ríkisins. FJS var falið að hafa umsjón með þessum samningi og viðhalda upplýsingum um rétthafa leyfa. Mikið hagræði fylgir því að hafa þessa yfirsýn á einum stað. Að koma öllum stofnunum ríkisins á nýjan tæknigrunn veitir aukinn og sveigjanlegri samskiptamáta með öruggum hætti milli stofnana. Aðrir kostir eru aukið öryggi gagna og minni rekstraráhætta. Hægt er að færa leyfi milli stofnana eftir þörfum. Innleiðing Office 365 stendur yfir og verður unnin í áföngum á næstu þremur árum.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS lýtur að umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og allar ríkisstofnanir.



Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti sem snúa að þróun á Orra og TBR á árinu.

Unnið var að þróun Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel. Umfangsmesta verkefni ársins var vafalaust uppfærsla á kerfinu í útgáfu 12.2.7 og náði sú breyting til allra kerfishluta. Uppfærslan gekk vel og stóðst áætlun. Helstu breytingar sem uppfærslan hafði íför með sér var að margar skjámyndir voru uppfærðar í nýtt viðmót sem heitir ALTA. Aðrar nýjungar voru t.d. í vefverslun, vörustýringu og verkþókhaldi. Einnig komu með uppfærslunni nýjar öryggisuppfærslur. Nýtt


fjárhagsáætlanakerfi var tekið formlega í notkun og fékk nafnið Akra (Áætlanakerfi ríkisaðila). Um 99% ríkisaðila skiluðu rekstraráætlun fyrir árið 2019 í gegnum kerfið. Akra er skilvirkara en fyrri líkön og kerfið veitir betri yfirsýn og auðveldar virkt eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár. Vinnustofur voru haldnar fyrir notendur og eins voru útbúin kennslugögn á ýmsu formi, meðal annars myndböndum, sem aðgengileg eru á vef FJS.

Oracle hefur hætt þjónustu við Oracle Discoverer (Disco-skýrslur). Unnið er að þróun nýs skýrslukerfis fyrir notendur Orra sem fékk nafnið Askur. Mikill sveigjanleiki er í framsetningu gagna og auðvelt að tengja við Oracle grunninn. Eitt af aðalmarkmiðum innleiðingar Asks er að bæta aðgengi skýrslna. Nú þegar birtast allar fjárhagsskýrslur (GL) í Aski. Unnið er að því að fjölga skýrslum í öðrum kerfishlutum, þar á meðal viðskiptaskuldum (AP) og mannaúðskerfi (HR).

Lokið var við ýmis önnur verkefni eða þau innleidd. Má þar nefna vinnu við að endurgera staðgreiðsluskil í launakerfi í samræmi við breyttar reglur. Nýir möguleikar bættust við í skjámyndum um starfssögu og persónuafslátt. Þá hófst vinna við að opna fyrir sendingar viðhengja ferðauppgjörs, samþykktarsögu og ýmissa fylgigagna með bókhaldsfærslum til fjárhagskerfis Orra. Samþykktarferli rafrænna reikninga var einfaldað fyrir notendur og útbúin voru rafræn skeyti (xml) sem

senda upplýsingar um greidda reikninga. Rafræn samskipti við Íslandsbanka og sparisjóði voru endurnýjuð og að auki sett upp rafrænt auðkenni fyrir gjaldkera. Lokið var við fyrsta áfanga af þremur við þróun innkaupakerfis fyrir almennar ríkisstofnanir.

Í sameiningu hafa Fjármála- og efnahagsráðuneytið og FJS unnið að bættri þjónustu við almenning og fyrirtæki með því að birta fjármálalegar upplýsingar á island.is. Þar geta viðskiptavinir séð stöðu sína við ríkissjóð og stofnanir og einnig birtast þar reikningar/greiðsluseðlar í pósthólfi viðkomandi viðskiptavinar. Stefna FJS er að veita aukna þjónustu í samstarfi við island.is, t.d. með útsendingu rafrænna reikninga, stöðu og hreyfingaryfirlit fyrir viðskiptvini og lánadrottna. Einnig munu viðskiptavinir geta greitt reikninga/greiðsluseðla sína á island.is. Kostir rafrænnar birtingar eru augljósir, þ.e. meiri hraði,



áreiðanleiki, sparnaður, aðgengi og umhverfisvænni.

Á árinu voru 12 útgáfur af tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) teknar í notkun með ýmsum breytingum á einstökum kerfishlutum. Í útgáfum ársins var markmiðið að auðvelda vinnu í kerfinu og gera upplýsingar aðgengilegri viðskiptavinum varðandi stöðu sína hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Þá var lögð áhersla, annars vegar á innleiðingu rafrænna reikninga hjá stofnunum sem nota TBR til innheimtu og hins vegar innleiðingu á stafrænum þjónustum á island.is tengdum TBR. Heildarfjöldi útgefinna greiðsluseðla, bæði rafrænt og á pappír frá TBR var um 2,2 milljónir á árinu 2018.

FJS lauk við innleiðingu rafrænna bifreiðagjalda í samvinnu við RSK og FJR. Það var ein stærsta innleiðing rafrænna reikninga hérlandis en árlega eru sendir út um 530 þúsund reikningar/greiðsluseðlar vegna bifreiðagjalda. Um 80% af reikningum/greiðsluseðlum vegna bifreiðagjalda eru sendir rafrænt til einstaklinga og fyrirtækja.

Álagningarvinnslu fyrir einstaklinga lauk í lok maí eða mánuði fyrr en árið áður. FJS sér um þá vinnslu í samvinnu við RSK. Talsverðar breytingar urðu á birtingu álagningar, til einföldunar fyrir viðskiptavinum, á vefgáttunum island.is og skattur.is. Einstaklingum sem fá álagningarseðil sendan í pósti hefur fækkað á milli ára en það eru um 22 þúsund á árinu 2018 af um

300 þúsund einstaklingum sem eru á skattgrunnskrá. Stefnt er að senda öll innheimtubréf með rafrænum hætti.

Einnig var unnið við ýmis önnur verkefni tengd TBR á árinu eins og greiningarvinna nýs kröfukerfis fyrir greiðsluseðla úr TBR og greiðslur á island.is, fjölgun launagreiðenda í rafrænum skilum og innleiðing á reglum varðandi nýjan skuldajöfnuð. Einnig fór af stað undirbúningur að innleiðingu birtingar greiðsluseðla úr Orra á island.is.

Á árinu 2018 voru afgreiddar 750 þúsund greiðslur til innlendra aðila og um 4 þúsund greiðslur til erlendra aðila.

Stór hluti af starfsemi Fjársýslunnar snýr að hagnýtingu og miðlun upplýsinga og sérstaklega þeirra upplýsinga sem eru geymd í fjárhags- og mannauðskerfum sem stofnunin hefur umsjón með. Til að auðvelda nýtingu þessara upplýsinga hafa á undanförunum árum verið tekin skref í að þróa vöruhús gagna og er launavöruhús ágætt dæmi um slíkt. Stór skref voru tekin á árinu 2018 í áframhaldandi þróun þegar hafin var innleiðing á fjárhagsvöruhúsi FJS fyrri hluta árs. Þessi innleiðing hófst innan stofnunar og í framhaldinu innan stjórnarráðsins og stóð sú vinna allt árið. Er nú svo komið að öll ráðuneyti innan stjórnarráðsins hafa aðgang að vöruhúsinu og er notkun þessara upplýsinga til greininga og skýrslugerða orðin almenn innan þeirra. Samhliða var áfram unnið að þróun endalausna, smíði teninga og skýrslna og eins leitað leiða til þess að geta veitt fleiri aðilum utan stjórnarráðsins sem og stofnunum aðgang að þessu fjárhagsvöruhúsi. Ljóst er að þetta verkefni mun skila töluverðu hagræði og betri upplýsingum sem aftur eiga að stuðla að bættri stýringu fjármuna.

Á árinu hófst einnig innleiðing vöruhúss gagna í TBR þar sem er áætlað að taka um 600 milljón færslur yfir í fyrstu innleiðingu á vöruhúsinu. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi þess vöruhúss komi í rekstur á árinu 2019. Þá eru hugmyndir að

Nýleg verkefni



fleiri vöruhúsum gagna enda hefur þessi þróun reynst vel og eykur sveigjanleika og aðgengi upplýsinga og möguleika þess að nýta gagnavinnsluforrit sem ekki hefur verið hægt að nýta beint ofan á kerfin.

Í ljósi þess að stofnunin stefnir örugglega að áframhaldandi þróun slíkra verkefna er verið að skoða hvernig högun vöruhúsa og rekstri verður best fyrir komið á næstu árum. Þá er sömuleiðis verið að skoða aðgangsstýringar og aðgengi ríkisstofnana að þessum vöruhúsum til að þessi vinna nýtist sem flestum.



ÁRSREIKNINGUR

2018

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjársýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta. Starfsemi stofnunarinnar er að annast fjárreiður ríkissjóðs á grundvelli ákvæða í lögum um opinber fjármál.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 2160 milljónir og afkoma kr. 33,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 135,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 442,1 milljónir.


Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjársýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

28.2.2019

Staður, dags.

Fjársýslustjóri



Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárheimilda	3	1.891.700.000	1.816.960.999
Seld þjónusta	4	245.251.583	26.839.737
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	23.015.335	9.769.842
Tekjur samtals		2.159.966.918	1.853.570.578
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	856.912.467	798.915.354
Annar rekstrarkostnaður	6	1.246.255.091	1.040.440.490
Afskriftir	7	23.015.335	9.769.842
Gjöld samtals		2.126.182.893	1.849.125.686
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		33.784.025	4.444.892
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(58.915)	(12.504)
		(58.915)	(12.504)
Afkoma ársins		33.725.110	4.432.388

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	135.239.263	76.824.455
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		34.076.925	31.258.926
Fastafjármunir samtals		<u>169.316.188</u>	<u>108.083.381</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.354.500	41.208
Tengdir aðilar	10	251.268.494	231.615.566
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	20.119.275	29.366.497
Veltufjármunir samtals		<u>272.742.269</u>	<u>261.023.271</u>
Eignir samtals		<u>442.058.457</u>	<u>369.106.652</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		135.742.830	102.017.720
Eigið fé samtals		<u>135.742.830</u>	<u>102.017.720</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	442.310	30.503
Viðskiptaskuldir		36.798.025	55.037.296
Ýmsar skammtímaskuldir	14	88.033.319	90.573.825
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	181.041.973	121.447.308
Skuldir samtals		<u>306.315.627</u>	<u>267.088.932</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>442.058.457</u>	<u>369.106.652</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		33.725.110	4.432.388
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	23.015.335	9.769.842
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(23.015.335)	(9.769.842)
		<u>33.725.110</u>	<u>4.432.388</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		7.933.930	(8.528.394)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(20.779.777)	21.931.923
		<u>(12.845.847)</u>	<u>13.403.529</u>
		<u>20.879.263</u>	<u>17.835.917</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna	8	(72.719.315)	(79.306.061)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(11.528.827)	(10.939.001)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		110.000	0
		<u>(84.138.142)</u>	<u>(90.245.062)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(19.241.121)	(12.029.856)
Fjárfestingarframlag		82.500.000	84.439.001
		<u>63.258.879</u>	<u>72.409.145</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádraginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárheimilda		
Fjárheimild ársins	1.900.700.000	1.827.900.000
Fjárheimild flokkuð sem fjárfestingarheimild	(9.000.000)	(10.939.001)
Tekjufærsla fjárheimilda	1.891.700.000	1.816.960.999
Tekjufærsla frestaðra tekna	23.015.335	9.769.842
	1.914.715.335	1.826.730.841

Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og staða þeirra í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.900.700.000	0	0	1.900.700.000
Launbætur	(6.500.000)	0	0	(6.500.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(9.000.000)	0	0	(9.000.000)
Millifærslur	6.500.000	0	0	6.500.000
Fjárveiting til tekna	1.891.700.000	0	0	1.891.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.857.974.890)	0	0	(1.857.974.890)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	33.725.110	0	0	33.725.110

4 Seld þjónusta

Verksala	21.020.400	14.056.800
Innheimt þjónusta	214.865.695	0
Mötuneyti starfsmanna	4.083.968	4.107.637
Fræðslustarfsemi og fundir	5.281.520	8.675.300
	245.251.583	26.839.737

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	682.105.874	635.225.300
Orlof, breyting	4.580.301	10.279.895
Launatengd gjöld	157.608.270	147.140.714
Starfsmannakostnaður	12.618.022	6.269.445
	856.912.467	798.915.354

Meðalfjöldi stöðugilda	78	76
------------------------------	----	----

Skýringar

	2018	2017
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.969.679	2.734.888
Byggingarvörur, almennar	95.319	157.240
Ýmis tæki og áhöld	1.480.776	1.445.274
Orkugjafar	2.815.176	2.789.314
Matvæli	9.713.551	8.886.310
Almennar rekstrarvörur	916.205	957.615
Vörukaup, almenn	17.990.706	16.970.641
Kennslu- og föndurvörur	24.341	16.380
Ýmsar sérgreindar vörur	288.744	481.179
Vörukaup, sérgreind	313.085	497.559
Fundir, námskeið, risna	7.399.458	5.476.802
Ferðir, upphald	3.107.162	1.469.508
Akstur	1.789.655	2.038.713
Sérfræðipjónusta	974.923.907	787.901.486
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	46.146	72.691
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.471.207	2.214.901
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.524.617	7.182.451
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	993.262.152	806.356.552
Afnotagjöld	118.253.674	115.228.314
Leigugjöld	90.422.257	88.009.504
Notkun véla og flutningatækja	84.106	171.812
Verkkaup	14.740.610	10.838.181
Kostnaðarhlutdeild	10.870.088	2.146.494
Tryggingar, lögboðnar	104.297	0
Opinber gjöld	44.116	61.433
Tilfærslur	170.000	160.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	234.689.148	216.615.738
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.246.255.091	1.040.440.490
7 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	8.527.043	7.259.761
Lækninga- og rannsóknartæki	28.475	28.475
Sölutap og úreltar eignir	155.310	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	14.304.507	2.481.606
	23.015.335	9.769.842

Skýringar

8 Óefnislegar eignir

	31.12.2018	31.12.2017
Óefnislegar eignir	135.239.263	76.824.455
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2018:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2018		79.306.061
Viðbót á árinu		72.719.315
		<u>152.025.376</u>
Niðurfært 1.1.2018		2.481.606
Niðurfærsla ársins		14.304.507
		<u>16.786.113</u>
Staða 31.12.2018		<u>135.239.263</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	34.076.925	31.258.926
	<u>34.076.925</u>	<u>31.258.926</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	31.12.2018	31.12.2017
Staða 1.1.2018		52.541.809
Viðbætur á árinu		11.528.827
Selt/niðurfært á árinu		(362.477)
		<u>63.708.159</u>
Afskriftir 1.1.2018		21.282.883
Selt/niðurfært á árinu		(362.477)
Afskrift ársins		8.710.828
		<u>29.631.234</u>
Staða 31.12.2018		<u>34.076.925</u>

10 Tengdir aðilar

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	63.762.788	157.982.039
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	114.778.079	905.900
Áætluð leiðrétting vegna fjárheimilda	72.727.627	72.727.627
	<u>251.268.494</u>	<u>231.615.566</u>

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	20.119.275	20.069.960
Endurgreiðslur	0	9.296.537
	<u>20.119.275</u>	<u>29.366.497</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.2018	102.017.720	24.857.705
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	72.727.627
Afkoma ársins	33.725.110	4.432.388
Jöfnuður 31.12.2018	<u>135.742.830</u>	<u>102.017.720</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 72,7 milljónir, var fært yfir eigið fé skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. frumvarpi til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	442.310	30.503
	<u>442.310</u>	<u>30.503</u>

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	87.587.823	81.933.365
Ógreidd laun	0	7.272.019
Önnur ógreidd gjöld	445.496	1.368.441
	<u>88.033.319</u>	<u>90.573.825</u>

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda	169.316.188	108.083.381
Ónotuð fjárfestingafjárveiting vegna óefnislegra eigna	14.144.612	13.363.927
Fjárfesting umfram fjárveitingu, varanlegir rekstrarfjármunir	(2.418.827)	0
	<u>181.041.973</u>	<u>121.447.308</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- heimildir	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	108.083.381	13.363.927	121.447.308
Fjárfestingarheimild ársins	0	73.500.000	73.500.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	0	9.000.000	9.000.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	110.000	110.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	11.528.827	(11.528.827)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	72.719.315	(72.719.315)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(23.015.335)	0	(23.015.335)
	<u>169.316.188</u>	<u>11.725.785</u>	<u>181.041.973</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 32,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjársýslan hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 93 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 943 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.







Starfsfólk Fjársýslu ríkisins í árslok 2018

Ingbór K. Eiríksson, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð S. Erlingsson,
forstöðumaður

Ausra Gecienė
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Elín S. Jónsdóttir
Fjola Þorsteinsdóttir
Guðrún I. Alexíusdóttir
Guðrún E. Tómasdóttir
Hanna D. Haraldsdóttir
Hrannar B. Jónsson
Hulda B. Guðjónsdóttir
Íris D. Jónsdóttir
Katrín D. Hilmarsdóttir
Kristín S. Björnsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Laufeig Sværissdóttir
Lilja G. Friðvinsdóttir
Óla María Þórisdóttir
Rakel G. Pálsdóttir
Sara M. Tryggvadóttir
Sunna Þórsdóttir
Svana Anna Vougiouklaki

Launasvið

Lára G. Hansdóttir,
forstöðumaður

Anna M. Óladóttir
Arngrímur V. Angantýsson
Auður M. Adolphsdóttir
Drífa Ó. Sumarliðadóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný S. Guðmundsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Laufeig Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sóley Jakobsdóttir

Uppgjörssvið

Þórir H. Ólafsson,
forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín V. Magnúsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Gyða Sigurlaugsdóttir
Jóhann Halldórsson
Kristín E. Ingibergsdóttir
Pálína Reynisdóttir
Sjöfn A. Karlsdóttir
Theodóra P. Sigurðardóttir
Þorvaldur Egilson

Þróunar- og þjónustusvið

Stefán Kjærnested,
varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur J. Jónsson
Gunnar Guðnason
Hans Gústafsson
Jóhann Þór Arnarsson
Styrkár J. Hendriksson
Thelma H. Másdóttir
Vilhjálmur Hallgrímsson
Þorkell Pétursson

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir,
forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson,
starfsmannastjóri
Gerður H. Einarisdóttir
Haraldur Blöndal
Linda Einarisdóttir
Oddrún Pétursdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Fjárreiðusvið

Vilhjálmur Ö. Sigurhjártarson,
forstöðumaður

Dagný Arnþórsdóttir
Guðjón Á. Ríkharðsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Halldór J. Harðarson
Ívar Kristinsson
Katrín I. Kristófersdóttir
Katrín Þ. Jónsdóttir
Kristín Orradóttir
Sigríður H. Theódórsdóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Svala D. Sigurjónsdóttir
Sæmundur Grétarsson
Þorvaldur Steinarsson

Gæðastjóri

Sigríður Söebech

Innra eftirlit

Pétur Jónsson



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 545 7500 • POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS